



Rekstur heimilis í sátt við umhverfið

Rafmagn og heitt vatn eru sjálfsagðir hlutir á hverju heimili. Þessa orku getum við öll nýtt betur en við gerum, umhverfinu og hag heimilisins til heilla.

Húshitun

Íslensk heimili nota að meðaltali 4-5 tonn af heitu vatni á ári. Um 90% af notkuninni fer til að hita upp húsakynni okkar og afganginn notum við til annarra hluta eins og að fara í bað eða sturtu, þrifa heimilið og vaska upp. Til að minnka heitavatnsnotkunina og lækka orkureikninginn liggur því beinast við að skoða vel hvernig við nýtum heita vatnið sem best til húshitunar. Hér eru nokkur ráð:

- Látum fagmann stilla hitakerfið
- Notum lofthitastýrða ofnoka til að jafna innihitann – ekki handvirka
- Hitanemi ofna má ekki vera lokaður af með húsgögnum, sólbekkjum eða gluggatjöldum
- Höfum innihitamæli og fylgjumst með hitastiginu
- Förum yfir þéttleika og einangrun glugga og hurða
- Lokum gluggum þegar kalt er úti
- Drögum gluggatjöldin frá á daginn til að hleypa inn varma og fyrir á nóttinni til að halda honum inni

Þvottahúsið

Í langflestum þvottahúsum á heimilum eru þvottavél og þurrkari. Þessi tæki eru almennt mjög orkufrek. Beita má ýmsrum ráðum, bæði við val á tækjum og nýtingu þeirra, til að minnka orkunotkunina.

- Þvottavélar með lokinu á toppnum nota allt að tvöfalt meiri orku en þær sem hlaðnar eru að framanverðu
- Þvottum ekki eða þurrkum með hálf tómar vélar
- Þvottum ekki við hærri hita en nauðsynlegt er. Við það að lækka hitann um helming minnkar orkunotkun um u.þ.b. 60%.
- Hengjum þvottinn út á snúru þegar tækifæri gefst
- Hreinsum loftkælinn í þurrkaranum þrisvar til fjórum sinnum á ári
- Hreinsum lósíuna á þurrkaranum reglulega

Eldhúsið

Eldhúsið er að öllu jöfnu sá staður heimilisins þar sem mest orka er notuð. Flest eldhústæki eru rafknúin en þó eru nokkrir sem nota gaseldavélar. Þrátt fyrir ýmsa kosti mælum við ekki með gaseldavélum. Þær valda t.d. koltvísýringmengun og eru óhagkvæmar í rekstri. Hins vegar mælum við með span helluborðum sem nýta orkuna vel, hitna hratt og brenna ekki þó hönd sé lögð á helluna. Að mörgu má hyggja til að tryggja hagkvæma orkunýtingu í elhúsinu. Hér eru nokkur ráð:

- Látum frosin matvæli þiðna í kælikápnnum
- Setjum ekki heitan mat inn í ískáp
- Góð loftræsting á bak við kælikápa er nauðsyn
- Yfirfyllum ekki kælikápa – hæfilega fullur ísskápur nýtir orkuna betur
- Gætum þess að hurðir á kælikápum séu þéttar
- Skolum matarleifar og notum styttra þvottakerfi við notkun uppþvottavéla
- Sjóðum ekki allt of mikið vatn fyrir kaffibollann eða teið
- Hellum upp á kaffi í kaffivél en ekki upp á gamla mátann
- Umhelling nýlögðuðu kaffi á hitakönnur
- Notum potta og pönnur með sléttum botni
- Verum með rétta stærð á pottum og pönnum miðað við stærð hellu
- Eldum með lok á pottum, annars þarf þrefalt meiri orku
- Höfum ekki of mikið vatn í pottinum við suðu, oft er nóg að hafa 2 cm vatnshæð
- Það má slökka á eldavélum nokkrum mínútum áður en maturinn er tilbúinn
- Grillið í ofninum krefst mun meiri orku en þegar steikt er á pönnu

Baðherbergið

Stundum er bent á að heita vatnið nýtist mun betur ef við förum í sturtu í stað þess að fylla baðkarið. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að munurinn er a.m.t. 30 lítrar af hitaveituvatni eða 2-3 krónur í hvert skipti. Að fara í bað er því ódýr lúxus sem óhætt er að mæla með!

Rekstur heimilis í sátt við umhverfið



Lýsing

Ýmsar leiðir eru færar til að minnka orkunotkun vegna lýsingar á heimilum. Sú mikilvægasta hlýtur að vera sú að lýsa ekki upp rými að óþörfu, að slökka ljósin yfir nóttina og hábjartan daginn.

- Setjum upp hreyfiskynjara ef ljós á að loga stutta stund í einu
- Birtustillar (dimmerar) auka endingu pera og gefa rétta stemningu
- Þrífum lampa og kúpla og fáum meiri birtu
- Lýsum ekki upp of stór svæði í einu - notum lampa þegar við á
- Sparperur nota fjórum sinnum minni orku en hefðbundnar glóðarperur og endast 8 sinnum lengur
- Notum flúorperur í bískúrnum – þær þurfa minni orku
- Höfum útiljós með ljósnema sem kveikir þegar dimma fer og slekkur á morgnanna
- Málum í ljósum litum – þeir endurkasta birtunni betur

Bíllinn

Rafmagnsbílar eru í sífelldri þróun og á næstu 2-4 árum verða þeir vonandi raunæfur kostur a.m.k. fyrir innanbæjarakstur. Þá verður að líkindum hægt að fá rafmagnsbíla í venjulegri fólksbílastærð sem draga vel yfir 100 km á hleðslu, komast vel yfir 100 km/klst hraða og hlaða sig á 20-30 mínútum. Gera má ráð fyrir að orkukostnaður fyrir rafmagnsbíla á Íslandi sé 8-14% af kostnaði við sambærilega bensínbíla auk þess sem þeir bensínknúnu gefa frá sér 2 tonn af CO₂ á ári á meðan rafmagnsbíll mengar ekki neitt.

Fyrir dæmigerða íslenska fjölskyldu sem rekur 2 bíla er kjörið að kynna sér kosti rafmagnsbíls sem bíls númer tvö á heimilinu.

Tölvur og tæki

Á dæmigerðu íslensku heimili eru nokkur sjónvarpstæki, hljómtæki, heimabíó, DVD spilarar, leikjatölvur, myndlyklar, hleðslutæki fyrir myndavéar og síma, tölvur og tölvuskjái, prentarar, og tölvuhátalarar svo eitthvað sé nefnt. Allt of algengt er að öll þessi tæki séu skilin eftir í gangi eða á "Stand-by" eftir notkun. Það er því góð regla að taka hring um heimilið á hverju kvöldi og sjá til þess að slökkt sé á öllum rafmagnstækjum. Oft er þægilegt að nota fjöltengi með straumrofa.

Þrátt fyrir að tölvur séu orkufrekar geta þær líka verið umhverfisvænar. Tölvusamskipti spara okkur oft sporin, viðskipti eru rafræn, upplýsingar liggja fyrir á netinu og svo framvegis. Orkuveitan hvetur til að mynda viðskiptavinum sína til að skrá sig í rafrænar boð- eða beingreiðslur og stuðla þannig að minni pappírnotkun og bæklingur eins og þessi er gefinn á á netinu.

- Skjáhvílur (Screen savers) spara ekki rafmagn – slökkvum á skjánum
- Fartölvur nota minni orku en turntölvur
- Tökum öll hleðslutæki úr sambandi eftir notkun
- Söfnum saman ónýtum rafhlöðum og skilið í Sorpu
- Kaupum heimilistæki merkt Energy Star, A, A+ eða A++. Tæki merkt B nota að jafnaði 15-30% meiri orku en A o.sv.fr.v..

Garðurinn

Margir eru með heita potta fyrir utan heimili sín eða sumarbústaði. Þar sem hitaveitu nýtur við mælum við með því að nota hitaveitupotta. Þannig þarf enga orku til að hita upp vatnið auk þess sem sífellt streymir nýtt og hreint vatn í pottinn.

Það færir í vöxt að fólk hiti upp svalirnar eða pallinn með hitatækjum. Við ráðum frá því að fólk noti gastæki til þess. Mun umhverfisvænna er að nota rafknúna geislahitara. Þeir hita upp flötinn sem geislinn lendir á og því tapast varminn ekki. Geislahitarar virka fljótt og gefa jafnan hita ólíkt gashiturunum þar sem hitinn verður óþægilega mikill nálægt gashitaranum.